



# Endurhæfing og fjármál

*Katrín Ósk Garðarsdóttir, kennari, ráðgjafi  
og eigandi Leiðin til velgengni ehf.  
Nadía Borisdóttir, forstöðufélagsráðgjafi á Reykjalundi*



Katrín  
Garðarsdóttir



Nadía  
Borisdóttir

Fjármál eru mál sem snerta alla. En hversu mikið er nóg og hvað þurfum við mikið til að lifa af? Tengsl milli endurhæfingar og fjármála eru oft á tíðum mikil, fjármál hafa áhrif á framgang endurhæfingar og sömu leiðis hefur það að vera í endurhæfingu áhrif á stöðu fjármála. Fylgni milli þessara tveggja þátta er því miður oftast frekar neikvæð fremur en jákvæð.

Heilsa og fjárhagur eru dæmi um víddir félagslegrar velferðar en hún er gjarnan greind í 11 víddir eða þætti sem eru mikilvægir í lífi fólks og hafa bein áhrif á félagslega velferð. Félagsráðgjafar á Reykjalundi sinna félagsráðgjöf fyrir alla skjólstaðinga sem þess þurfa, með áherslu á úrlausn réttinda, atvinnu- og fjölskyldumál, og það að markmiði að auka lífsgæði þeirra og þeirra nánustu. Framfærsluferfið sem þeir þurfa að sækja til í veikindum getur reynst þeim talsverður frumskógur og því er afar mikilvægt að geta veitt fjármálaráðgjöf og bent á leiðir til úrbóta.

Hvað gerist þegar fólk missir heilsu og starfsgetu? Hvaða áhrif getur atvinnumissir og tekjutap haft á líf einstaklings? Bandarískur sálfræðingur, Abraham Maslow, setti fram kenningu um þarfapíramída sem hann taldi útskýra hvað hvetur eða knýr fólk áfram í lífinu. Þegar einstaklingur verður fyrir tekjutapi og ekkert annað kemur í staðinn má segja að hann sé stöðvaður í sínu daglega lífi því grunnþörfum hans er ekki fullnægt. Sá sem nær ekki endum saman, á ekki fyrir leigu, húsnæðisláni og er jafnvel kominn í viðbótarskuldir á erfitt með að taka virkan þátt í endurhæfingu því að hann á líklega erfitt með að einbeita sér að bata sínum og því

sem getur hjálpað honum. Það sem tekur yfir í lífinu er ótti við fjármálastöðuna, að eiga ekki fyrir mat og nauðsynjum eða að geta ekki greitt alla reikninga, samskiptaerfiðleikar geta komið upp á heimilinu í kjölfar þess og heilsu hrakar jafnvel enn meira þar sem hugsanlega eru ekki til peningar fyrir nauðsynlegum lyfjum.

Fjárhagsstaða þeirra sem sækja endurhæfingu er með ýmsu móti, en fæstir eru enn með veikindarétt frá atvinnurekanda og sjúkradagpeningar eru það næsta sem tekur við. Í þeim tilfellum þegar þörf er fyrir frekari endurhæfingu tekur endurhæfingarlífeyrir við. Fólki bregður oft á þeim tímamóti því endurhæfingarlífeyrir er fyrir marga mikil tekjuskerðing. Á þessum tímamótum er mikilvægt að eiga kost á fjármálanámskeiði og sérhæfðri ráðgjöf sem þætti í endurhæfingunni þar sem kynntar eru leiðir til að fá betri yfirsýn og stjórn á fjármálum meðan á veikindum og bataferli stendur.

Félagsráðgjafar vinna oft að því að tryggja grunnþarfir einstaklinga, leggja fram lausnir, ráðgjöf og fræðslu um hvernig hægt sé að uppfylla þessar þarfir og hvetja einstaklinga til að sækja sinn rétt en einnig að sinna sínum skyldum. Þetta á við um fjármálin líka. Það er algengt að fólk í endurhæfingu nái illa endum saman og þá er mikilvægt að það geti sótt sér fræðslu um fjármál og fengið aðstoð við að gera áætlun um næstu skref.

Fjármálavandi getur birst á ýmsan hátt, til dæmis í formi skulda- og tekjuvanda, vankunnáttu eða ótta við fjármál. Fjármálavandi hefur áhrif á marga þætti í lífi fólks, eins og líðan og samskipti, og hann dregur úr fólkrafti. Margir eiga í fjármálavanda árum saman og finna ekki leið til úrbóta. Mikilvægt er því að fólk geti fengið heildstæða ráðgjöf og aðstoð með fjármál sín, öðlast skilning og yfirsýn yfir fjármálastöðu sína og því sé bent á hvaða leiðir eru í boði til að vinna með skuldavanda sé hann til staðar.

Margir sjá fjármálavanda og fjármálaráðgjöf sem nokkuð einfalt reikningsdæmi en það er aðeins ein hlið á vandanum. Mikilvægt er að vinna með hugsun, hegðun og líðan einstaklingsins samhliða því að vinna



með fjármálin sjálf. Rót og ástæða vandans getur verið tilfinningastaða fólks vegna breytinga í lífinu, eins og heilsubreysts sem leiðir til aukinna útgjalda, atvinnuleysis eða ófyrirsjáanlegs skyndilegs kostnaðar. Góður fjármálaráðgjafi þarf að geta unnið með fólk og tilfinningar auk þess að kunna að lesa úr og greina fjárhagsvanda og þekkja þær leiðir sem hægt er að fara til að leysa úr honum.

*Leiðin til velgengni ehf.* (ltv.is) hefur kennt fjármálanámskeiðið *Úr skuldum í jafnvægi* og sinnt fjármálaráðgjöf í fjölda ára með góðum árangri. Fyrsta skrefið er að hjálpa fólki að fá yfirsýn og skilning á fjármálastöðu sinni, þá er unnið með skuldavanda og vanskil sé um slíkt að ræða og þeim komið í farveg, og unnið er með fjármálahegðun og líðan tengda fjármálum. Árangurinn er sá að fólk finnur gjarnan von og betri líðan. Vilji er til að geta aðstoðað sem flesta sem þurfa á þjónustunni að halda og Fjármálaskóli LTV var stofnaður til að mæta þessari þörf.

Fjármálaskóli LTV er netskóli þar sem nemendur fara í gegnum efnið í fjarnámi. Einu sinni í viku eru fundir, ýmist á staðnum eða netfundir, þar sem nemendur fá þjálfun í að veita ráðgjöf á þessu sviði og öðlast aukna reynslu og skilning á fjármálausnum og úrræðum.

Markmiðið er að gera aðgengi að þjónustunni mögulegt fyrir alla, styrkja fagaðila í því að sinna þessum þætti í vanda fólks. Einnig getur skólinn veitt fólki sem hefur áhuga á að hasla sér völl sem sjálfstæðir ráðgjafar möguleika á því. Á haustönn árið 2022 fór Fjármálaskóli LTV af stað í fyrsta sinn. Fyrstu nemendur voru starfandi félagsráðgjafar í endurhæfingarúrræðum á Íslandi. Þetta voru félagsráðgjafar á Reykjalandi, hjá Hjálparstofnun Kirkjunnar, Starfsendurhæfingu Vesturlands, í Hafnarfirði og í Keflavík.

Námið er tvær annir og skiptist í þrjár lotur þar sem hver lota er fimm vikur. Að námi loknu eiga nemendur að geta kennt námskeiðið *Úr skuldum í jafnvægi* og veitt fjármálaráðgjöf fyrir fólk í fjárhagserfiðleikum. Kennsla og þjálfun er byggð á hugmyndafræðinni *Leiðin til velgengni*. Nánari upplýsingar og skráningu í námið er að finna á heimasíðunni ltv.is. Námið er styrkhæft bæði fyrir einstaklinga og stofnanir.

Fjármál eru stór hluti af lífi okkar allra og hefur fjárhagsstaða áhrif á líf og líðan. Það er mikilvægt að fagfólk í endurhæfingu geti metið fjármálavanda einstaklinga og þekki leiðir til úrbóta. Þá er dýrmætt fyrir fagstétt eins og félagsráðgjafa að búa yfir sérþekkingu um fjármál og geta þannig fjölgað verkferum sem stuðla að betri líðan og draga úr áhyggjum í bataferli.

## Grönt socialt arbeid



**Ritstjórar: Hanne Glemmestad, Marit Selfors Isaksen og Ole Henrik Kråkenes**

**Fagbokforlaget, 2023**

Bókin „Græn félagsráðgjöf“ var gefin út af norsku félagsráðgjafasamtökunum (Fellesorganisasjonen) með það að markmiði að leita svara við nokkrum stórum spurningum

um græna félagsráðgjöf á næstu árum. Í umfjöllun um bókina kemur fram að horft hafi verið til þess að hugtakið græn félagsráðgjöf er oft notað á alþjóðavettvangi en lítið til af bókmenntum á norsku, þangað til núna. Jafnframt segir þar að sem félagsráðgjafar vitum við að

kreppan bitnar harðast á þeim sem þegar eiga í erfiðleikum. Vísað er til þess að við getum nú þegar séð hvernig loftslagsbreytingar, umhverfishamfarir og náttúruspjöll hafa áhrif á viðkvæma hópa um allan heim og auka á félagsleg vandamál. Félagsleg vandamál krefjast lausna félagsráðgjafar.

Bókinni er ætlað að leita svara við því hvaða hlutverki heilbrigðis- og félagsþjónusta gegnir í grænu umskiptunum. Þannig deila ýmsir höfundar sýn sinni á náttúruvernd, loftslagssjónarmið og sjálfbærni í kynnum sínum við fólk og samfélög sem þurfa á félagslegri aðstoð að halda. Markmiðið er að hjálpa fagfólki í barnavernd, félagsráðgjöfum og þroskaþjálfum að velta fyrir sér og tengja loftslags- og umhverfisáskoranir við daglegt starf. Bókin er 407 blaðsíður og skiptist í 20 sjálfstæða kafla sem hver um sig gefur áhugaverða sýn á málefnið. Frír aðgangur er að bókinni á slóðinni [https://issuu.com/fagbokforlaget/docs/gr\\_nt\\_socialt\\_arbeid\\_9788245047738\\_](https://issuu.com/fagbokforlaget/docs/gr_nt_socialt_arbeid_9788245047738_)

*Steinunn Bergmann*